Reykjavíkurborg

Reykjavík, 5. desember 2022
USK22120013

Umhverfis- og skipulagsráð

**Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um heildarfjölda íbúða**

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um heildarfjölda íbúða, sbr. 30. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 30. nóvember 2022:

Samkvæmt Þjóðskrá eru 58.592 íbúðir í Reykjavík. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig íbúðirnar skiptast í eignaríbúðir og leiguíbúðir. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvernig eignarhaldi á þeim leiguíbúðum er háttað. Óskað er eftir þeim upplýsingum sem hægt er að fá fram varðandi stöðuna hjá öðrum leigufélögum og hversu hátt hlutfall leiguíbúða er í eigu einstaklinga sem eru leigusalar. Einnig er óskað eftir fjölda ósamþykktra íbúða sem vitað er að búið er í eða grunur leikur á að sé búið í.

Svar: Reykjavíkurborg hefur ekki upplýsingar um hve mikill fjöldi íbúða í Reykjavík er í útleigu né heldur hverjir eru eigendur þess. Upplýsingar um eignahald fasteigna og þinglýsing leigusamninga er skráð í þinglýsingabókum sýslumanns höfuðborgarsvæðisins á hverja eign fyrir sig, en eins og fram kemur skipta þær tugþúsundum.
Ekki heldur liggja fyrirtölulegar  upplýsingar hjá Reykjavíkurborg um hve mikill fjöldi íbúða er ósamþykktur.

Harri Ormarsson
*Umhverfis- og skipulagssvið*
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða*